

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 181/2017

2019/EES/52/32

frá 22. september 2017

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar  
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/623 frá 30. mars 2017 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asekinósýl, amítras, kúmafos, díflúfeníkan, flúmekín, metribúsín, permetrín, píyraklóstróbín og streptomýsín í eða á tilteknum afurðum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/624 frá 30. mars 2017 um breytingu á II. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bifenasat, damínósíð og tólýflúaníð í eða á tilteknum afurðum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/626 frá 31. mars 2017 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð, sýantranilípról, sýpermetrín, sýpróðínífl, dífenókónasól, etefón, flúópýram, flútríafól, flúxapýroxað, imasapík, imasapýr, lambda-sýhalótrín, mesótríón, prófenófós, própíkónasól, pírimetaníl, spírótetramat, tebúkónasól, tríasófós og tríflóxystróbín í eða á tilteknum afurðum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/627 frá 3. apríl 2017 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fenpýroxímat, tríadímenól og tríadímefón í eða á tilteknum afurðum <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 R 0623**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/623 frá 30. mars 2017 (Stjttíð. ESB L 93, 6.4.2017, bls. 1),<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 93, 6.4.2017, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 93, 6.4.2017, bls. 30.<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB L 96, 7.4.2017, bls. 1.<sup>(4)</sup> Stjttíð. ESB L 96, 7.4.2017, bls. 44.

- **32017 R 0624:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/624 frá 30. mars 2017 (Stjtið. ESB L 93, 6.4.2017, bls. 30),
- **32017 R 0626:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/626 frá 31. mars 2017 (Stjtið. ESB L 96, 7.4.2017, bls. 1),
- **32017 R 0627:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/627 frá 3. apríl 2017 (Stjtið. ESB L 96, 7.4.2017, bls. 44).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32017 R 0623:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/623 frá 30. mars 2017 (Stjtið. ESB L 93, 6.4.2017, bls. 1),
- **32017 R 0624:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/624 frá 30. mars 2017 (Stjtið. ESB L 93, 6.4.2017, bls. 30),
- **32017 R 0626:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/626 frá 31. mars 2017 (Stjtið. ESB L 96, 7.4.2017, bls. 1),
- **32017 R 0627:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/627 frá 3. apríl 2017 (Stjtið. ESB L 96, 7.4.2017, bls. 44).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/623, (ESB) 2017/624, (ESB) 2017/626 og (ESB) 2017/627, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Sabine Monauni**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.